

Nd.

630. Nefndarálit

[211. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 56/1978, um verðlag, samkeppnishömlur og óréttmæta viðskiptahætti, sbr. lög nr. 13/1979, um breyting á þeim lögum.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um frv. Til fundar við nefndina komu fulltrúar frá Verslunarráði og Sambandi ísl. samvinnufélaga. Einnig kom verðlagsstjóri á fund nefndarinnar.

Á þskj. 631 flytur nefndin breytingartillögur og einstakir nefndarmenn áskilja sér rétt til að flytja eða fylgja öðrum breytingartillögum, m. a. brtt. á þskj. 375.

Alþingi, 15. apríl 1982.

Halldór Ásgrímsson,
form., frsm.
Guðrún Hallgrímsdóttir.

Ingólfur Guðnason,
fundaskr.
Matthías Bjarnason,
með fyrirvara.
Albert Guðmundsson,
með fyrirvara.

Sighvatur Björgvinsson,
með fyrirvara.
Matthías Á. Mathiesen,
með fyrirvara.

Fylgiskjal I.

Samband íslenskra samvinnufélaga.

23. mars 1982.

Með vísun til óska fjárhags- og viðskiptanefndar neðri deildar Alþingis um skriflega umsögn Sambandsins á frumvarpi til laga um breyting á lögum nr. 56/1978, um verðlag, samkeppnishömlur og óréttmæta viðskiptahætti, sbr. lög nr. 13/1979, um breyting á þeim lögum, skal staðfest eftirfarandi umsögn fyrir nefndinni í dag og fleira:

1. Sambandið álitur að frumvarpið hnigi í frjálsræðisátt og er samþykkt meginefni þess, sbr. 4. grein.
2. Sambandið telur niðurfellingu Samkeppnisnefndar óheppilega, enda hefur nefndin þegar staðfest gildi sitt með umfjöllun og úrlausn nokkurra mála, sem til hennar hefur verið vísað.
3. Sambandið mælir eindregið gegn skipun þriggja manna verkefnanefndar sem „undirbúningsaðila“ mála fyrir Verðlagsráð, enda einsýnt að þessi nefnd rýrir sjálfstæða ákvörðunartöku ráðsins. Miklu frekar ætti að leggja Samkeppnisnefnd og Verðlagsráð niður, en setja í staðinn þriggja manna ráð, þar sem ráðherra skipar einn, en Hæstiréttur tvo óvilhalla kunnáttumenn um þessi verkefni. Einnig mætti huga að því, að Verðlagsstofnun verði veitt frjálsari aðstæða til afgreiðslu margvíslegra mála, sem ekki væru stefnumarkandi fyrir stjórnvöld.

Vænst er vinsamlegrar skoðunar á ofangreindum ábendingum.

Virðingarfyllst,

Kj. P. Kjartansson.

Fylgiskjal II.

Félag íslenskra stórkaupmanna.

23. febr. 1982.

Athugasemdir um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 56/1978, um verðlag, samkeppnishömlur og óréttmæta viðskiptahætti, sbr. lög nr. 13/1979, um breytingu á þeim lögum.

Frumvarp þetta um verðlagsmál, sem lagt er fram í framhaldi af skýrslu ríkisstjórnarinnar um aðgerðir í efnahagsmálum frá því í síðasta mánuði, hefur það að markmiði, eins og segir í skýrslunni, að dregið verði úr opinberum afskiptum af verðmyndun og auka sveigjanleika í verðmyndunarkerfinu. Í þessu frumvarpi, sem nú er lagt fram, eru þær breytingar helstar, að breytt er ákvæðum 8. gr. laganna um verðlag, samkeppnishömlur og óréttmæta viðskiptahætti frá því sem þeim var breytt árið 1979. Þær breytingar, sem nú er lagt til að gerðar verði, miða í þá átt, eins og segir, að draga úr opinberum afskiptum af verðmyndun. Mikið vantar þó á að tryggt verði að verðmyndun verði frjáls og að ákvæði 8. gr., eins og hún var upphaflega samþykkt í lögnum, nái fram að ganga.

Að sjálfsögðu er ánægjulegt þegar opinber afskipti eru minnkuð, en að mati Félags ísl. stórkaupmanna ganga þessar breytingar allt of skammt þó þær séu að sjálfsögðu skref fram á við, því að eins og F.Í.S. hefur oft bent á er frelsi í verðlagsmálum samfara virkri samkeppni og auknum upplýsingum til neytenda um verð og vörugæði það sem tryggir best hagkvæmt vöruverð og þar með hag neytenda.

Í framhaldi af þessu má geta um það, að nú hefur í nærri ár legið hjá Verðlagsstofnun skýrsla um verðlagningarmál innflutningsverslunarinnar sem sýnir ljóslega að það verðlagskerfi, sem í gildi hefur verið, er löngu orðið allsendis úrelt og alls ekki að neinu gagni í

verðlagsmálum, og auk þess verka þau sem hemill á alla hagræðingu og framþróun í verslun, þannig að við höfum dregist enn frekar aftur úr miðað við nágranna okkar.

Varðandi önnur ákvæði frumvarpsins er Félag ísl. stórkaupmanna eftir atvikum ekki á móti þeirri skipulagsbreytingu, að samkeppnisnefnd verði lögð niður og Verðlagsráð taki við verkefnum þess og að skipuð verði sérstök þriggja manna nefnd til að undirbúa þau mál sem lögð skulu vera fyrir Verðlagsnefndina.

Félag ísl. stórkaupmanna mótmælir viðbót við 45. gr. og 53. gr. varðandi ítarlegri ákvæði um verðútreikninga og telur, að núgildandi lög veiti Verðlagsstofnun nægjanlegt svigrúm og heimild til eðlilegs eftirlits með verðlagi, og leggur til að 5. gr. í frumvarpinu falli niður.

Virðingarfyllst,
Félag ísl. stórkaupmanna.
Jónas Þór Steinarsson.

Fylgiskjal III.

Verðlagsstofnun.

Reykjavík, 18. mars 1982.

Vísað er til bréfs nefndarinnar, dags. 11. mars s. l., þar sem óskað er umsagnar Verðlagsstofnunar um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 56/1978, sbr. lög nr. 13/1979, og breytingartillögu á þskj. 375.

Fyrstu þrjár greinar frumvarpsins fjalla um breytingar á stjórnsýslu. Gert er ráð fyrir að samkeppnisnefnd verði lögð niður og verðlagsráð taki við verkefnum hennar. Að mati Verðlagsstofnunar hefur núverandi skipan mála, þ. e. ákvörðunarvald samkvæmt lögnum í höndum tveggja aðila, haft vissa erfiðleika í för með sér, enda hlýtur með slíku fyrirkomulagi ávallt að vera hætt á að verksvið skarist. Með frjálsara verðmyndunarkerfi, eins og stefnt er að með frumvarpinu, er fyrirsjáanlegt að þessir framkvæmdaerfiðleikar munu enn aukast. Verðlagsstofnun telur það því vera til bóta að fela einum aðila ákvörðunarvald samkvæmt lögnum og að það geti stuðlað að auðveldari framkvæmd þeirra. Að mati stofnunarinnar gegnir sama máli um svokallaða þriggja manna nefnd, hún mun geta hraðað undirbúningi mála og ákvörðunartökum hjá verðlagsráði.

Fjórða grein frumvarpsins felur í sér aðalbreytinguna á lögnum. Gert er ráð fyrir að bein verðlagsákvæði verði ekki lengur meginregla laganna, heldur mun framkvæmd þeirra í ríkara mæli byggja á verðgæslu og samkeppnishvetjandi aðgerðum. Samkvæmt frumvarpinu getur verðlagsráð fellt verðlagningu undan verðlagsákvæðum án staðfestingar ríkisstjórnar. Verðlagsstofnun telur að sú breyting á lögnum, sem 4. gr. frumvarpsins felur í sér, sé mjög jákvæð og geri verðlagsyfirvöldum kleift að vinna á sjálfstæðari og faglegri hátt en verið hefur um langt árabíl. Stofnunin hefur ávallt verið þeirrar skoðunar, að það sé í verkahring Alþingis og ríkisstjórnar að marka stefnuna í verðlagsmálum á hverjum tíma, en hins vegar eigi verðlagsyfirvöld að hafa svigrúm innan ramma stefnunnar til þess að vinna á sem faglegastan hátt. Að mati stofnunarinnar er með 4. gr. frumvarpsins verið að stíga veigamikilið skref í þessa átt. Verðlagsstofnun er jafnframt sammála þeirri stefnumörkun, sem fram kemur í frumvarpinu, að hin breytta skipan mála skuli gerast í áföngum. Telur stofnunin að margt mæli með því, að sá háttur verði á hafður, svo sem hin sjálfvirku tengsl verðlags og launa, hin mikla verðbólga hérlendis og það hve núverandi kerfi er rótgróið. Ekki verður farið nánar út í þessi atriði í þessari umsögn, en að mati Verðlagsstofnunar á 4. gr. frumvarpsins að tryggja að framkvæmdin eigi að geta orðið á þann veg að ekkert þurfi að fara úrskeiðis. Breytingartillögurnar við frumvarpið (þskj. 375) tryggja að mati stofnunarinnar ekki eins vel og frumvarpið, að stjórnvöld geti haft hönd í bagga með verðlagsþróun-

inni, og er stofnunin ótvírætt þeirrar skoðunar, að ef ná á sem bestum og varanlegastum árangri með hinu breytta kerfi verði það gert með því að halda frumvarpinu óbreyttu.

5., 6. og 7. gr. frumvarpsins skýra sig að mestu leyti sjálfar. Í stuttri umsögn sem þessari er ekki hægt að gera sjónarmiðum Verðlagsstofnunar til frumvarpsins fullnægjandi skil. Ef nefndin telur þörf á því að fá frekara álit stofnunarinnar á þessu máli mun það að sjálfstöðu góðfúslega veitt.

Georg Ólafsson.

Fylgiskjal IV.

Kaupmannasamtök Íslands.

Reykjavík, 31. mars 1982.

Með tilvísan til bréfs yðar, dags. 11. mars s. l., þar sem óskað er umsagnar um frumvarp til laga um breytingar á lögum nr. 56/1978, um verðlag og fleira, viljum við taka fram eftirfarandi:

Það er stefna Kaupmannasamtaka Íslands, að ákvarðanir um verðmyndun séu í höndum fyrirtækjanna sjálfra sé samkeppni nægileg, en þegar um er að ræða einokunar- eða markaðsráðandi fyrirtæki, þá sé verðmyndun í höndum opinberra aðila. Kaupmannasamtök Íslands telja þar af leiðandi eðlilegast að verðlagseftirlit sé í höndum viðskiptavina fyrirtækja og samtaka neytenda, sem njóta stuðnings opinbers eftirlits sé þess talin þörf.

Kaupmannasamtök Íslands taka skýrt fram að frjáls verðmyndun er skilyrðið fyrir virkri samkeppni og því ætti það að vera meginstefna hins opinbera að taka ákvarðanir í verðlagsmálum sem efla samkeppni sé það stefnan að stuðlað sé að frjálsri verðmyndun í landinu.

Um 1. og 2. gr.

K.Í. telja að með skipun svokallaðrar samkeppnisnefndar hafi verið stuðlað að því, að ákvarðanir í verðlagsmálum væru óháðari hagsmunaaðilum vinnumarkaðarins og því tryggjara að þær væru hlutlausari gagnvart fyrirtækjum og neytendum.

Nú er hins vegar fallið frá þessari stefnu með skipun þriggja manna nefndar, sem skipuð er tveim fulltrúum aðila vinnumarkaðarins og verðlagsstjóra í stað hlutlausra aðila, sem eru tilnefndir af hlutlausum aðilum.

Með þessu móti er hættara við því, að umræðan um verðlagsmál færir í sama horf og hún var meðan eldri lög um verðlagsmál giltu. Þó verður að telja að viðhorf samtaka launþega og reynsla þeirra af núverandi skipan mála hafi breyst í ljósi efnahagsþróunar síðustu ára.

Um 3. gr.

K.Í. telja að þessi breyting stuðli að einföldun í meðferð verðlagsmála og geti orðið til þess að flýta ákvörðunartöku, því einn mesti vandi við núverandi verðlagskerfi er það, hversu langan tíma tekur að fá afgreidd einföldustu mál. Það er mikill kostur við þessar breytingar, að Verðlagsráð hefur nú vald til þess að taka endanlegar ákvarðanir, en þarf ekki að leggja þær fyrir ríkisstjórn.

Bent skal á það ósamræmi í valdsviði verðlagsstjóra, sem felst í þessari breytingu laganna, þ. e. að hann fær nú atkvæðisrétt í þriggja manna nefnd um ákvarðanir, sem þarf síðar að leggja fyrir verðlagsráð, en þar hefur verðlagsstjóri aðeins málfrelsi og tillögurétt.

K.Í. telja þó heppilegra að þriðji maður í þriggja manna nefnd sé verðlagsstjóri heldur en formaður Verðlagsráðs, sem yfirleitt er málsvari ráðherra.

Um 4. gr.

Þetta ákvæði í lögum (þ. e. 8. grein) hefur verið umdeildasta ákvæði laganna.

K.Í. telja eðlilegt að ákvæði þessarar greinar verði orðuð skýrt og skilmerkilega svo ljóst sé hver sé höfuðreglan í verðmyndun.

Í upphaflegum ákvæðum laganna svo og með síðari breytingum er gert ráð fyrir því, að verðlagshöft séu meginreglan en frjáls verðmyndun undantekning. Það er skylda flutningsmanna frumvarpsins að láta koma fram í þessari grein, hver sé vilji í þessum málum, í samræmi við yfirlýsta stefnu, en afsala ekki öllum rétti til ákvarðana í hendur Verðlagsráðs.

Það skal því aftur áréttað vegna 2. mgr. þessarar greinar að frjáls verðmyndun er skilyrði fyrir virkri samkeppni en ekki öfugt, eins og ráða má af orðalagi þessarar greinar.

K.Í. telja að þessi breyting sé spor í rétta átt og auðveldi Verðlagsráði að fella verðlagsákvæði úr gildi og gefa verðlagningu frjálsa, en mæla þó með því, að breytingartillaga sjálfstæðismanna varðandi þessa grein verði samþykkt.

Um 5. gr.

Margar kvartanir hafa borist samtökum verslunarinnar vegna framkvæmda á því ákvæði verðlagslaga að skylda fyrirtæki til þess að skila inn verðútreikningum. Ýmsar tafir hafa orðið á staðfestingu verðútreikninga þannig að fyrirtæki hafa orðið fyrir tjóni. Ljóst er að hvorki Verðlagsstofnun né aðrar opinberar stofnanir geta annað því að yfirfara alla verðlagsverðútreikninga vegna innfluttra vara, án þess að til þess þurfi að veita miklu viðbótarfjármagni og þar með að auka ríkisútgjöld.

K.Í. telja það eðlilegt leið að fylgjast með verðútreikningum fyrirtækja með athugunum hjá fyrirtækjunum sjálfum. Með öflugri samkeppni þarf minna að sinna þessum þætti verðlagsmála og væri því hagkvæmara að nota það fé og starfskrafta til að vinna að aukinni samkeppni.

Virðingarfyllst,
f. h. Kaupmannasamtaka Íslands.
Magnús E. Finnsson.